



Mannréttindaráð

Reykjavík, 31. mars 2025

MSS25030128

### **Erindisbréf starfshóps um kortlagningu á vinnu borgarinnar gegn ofbeldi**

Á fundi borgarstjórnar þann 4. mars 2025, var samþykkt að fela nýju mannréttindaráði að kortleggja alla vinnu borgarinnar gegn ofbeldi.

Stofnaður hefur verið starfshópur um kortlagningu á vinnu borgarinnar gegn ofbeldi. Starfshópurinn skilar ábyrgðarmanni kortlagningu á vinnu borgarinnar fyrir lok 15. maí 2025.

Í framhaldi skal ráðið vinna tillögur að því hvernig unnið verður heildstætt gegn ofbeldi meðal barna og ungs fólks. Sérstaklega skal horfa til barna og ungmenna í viðkvæmri stöðu.

Óskað er eftir að mannréttindaráð staðfesti meðfylgjandi erindisbréf um kortlagningu á vinnu borgarinnar gegn ofbeldi.

Virðingarfyllst,  
Anna Kristinsdóttir  
*Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa  
Miðlæg stjórnsýsla*

Hjálagt:  
Erindisbréf



Reykjavík, 28. mars 2025

MSS25030128

## ERINDISBRÉF

### Starfshópur um kortlagningu á vinnu borgarinnar gegn ofbeldi.

**Ábyrgðarmaður:** Anna Kristinsdóttir

#### Inngangur:

Borgarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 4. mars 2025 að fela nýju mannréttindaráði að kortleggja alla vinnu borgarinnar gegn ofbeldi. Í framhaldi skal ráðið vinna tillögur að því hvernig unnið verður heildstætt gegn ofbeldi meðal barna og ungs fólks. Sérstaklega skal horfa til barna og ungmenna í viðkvæmri stöðu. Áhersla skal lögð á að fagfólk fari fyrir inn í aðstæður og veiti stuðning strax. Horfa skal til verklags „Saman gegn ofbeldi“.

#### Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að kortleggja alla vinnu borgarinnar gegn ofbeldi.

#### Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Kortleggja alla vinnu borgarinnar gegn ofbeldi.
- Fara yfir aðgerðaráætlanir í forvörnum og gegn ofbeldi og gæta þess að aðgerðir skili sér inn í greinargerð. Fram komi ef vinna við þær er ekki hafin en standi til (tímasetningar).
- Skoða og tilgreina þá stefnumótun borgarinnar sem snýr að aðgerðum gegn ofbeldi og tengist börnum og ungmennum.
- Taka saman í greinargerð allar þær aðgerðir/verkefni sem snúa að ofbeldisvörnum hjá Reykjavíkurborg og hafa sérstakan kafla um aðgerðir/verkefni sem snúa að börnum og ungmennum.

#### Starfshópurinn/stýrihópurinn skipa:

Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir, Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu,- formaður  
Guðrún Halla Jónsdóttir, forvarnarfulltrúi Reykjavíkurborgar – Velferðarsviði  
Sigrún Sveinbjörnsdóttir, verkefnastjóri á frístundahluta fagskrifstofu Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar  
Sigríður Arndís Jóhannsdóttir, verkefnastjóri Vesturmiðstöð – Velferðarsviði  
Arna Hrönn Aradóttir, verkefnastjóri Norðurmiðstöð – Velferðarsviði  
Ragnar Harðarson, verkefnastjóri Austurmiðstöð – Velferðarsviði  
Jóhannes Guðlaugsson, verkefnastjóri Suðurmiðstöð – Velferðarsviði  
Fulltrúi Barnaverndar Reykjavíkur

#### Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Guðrún Elsa Tryggvadóttir, mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu

#### Til ráðgjafar og samstarfs:



Reykjavík



Starfshópurinn leitar ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

**Starfstímabil og skil:**

Starfshópurinn skilar ábyrgðarmanni kortlagningu á aðgerðum fyrir lok 15. maí 2025.

Anna Kristinsdóttir  
*Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa*  
*Miðlæg stjórnslá*